

07/2018

**Samningur milli
Félags íslenskra
atvinnuflugmanna
&**

**Bluebird Nordic
um kaup og kjör
&**

**Starfsaldursreglur flugmanna
Bluebird Nordic**

2. júlí 2018



EFNISYFIRLIT

01-0	INNGANGUR.....	4
02-0	MENNTUN OG RÉTTINDI	5
03-0	STARFSALDUR, UPPSAGNARFRESTUR OG AÐSETURSSKIPTI	7
04-0	FLUG-, VAKT- OG HVÍLDARTÍMI.....	8
05-0	ORLOF OG FRÍDAGAR	9
06-0	ÁHAFNAÞÖRF OG ÁHAFNASKRÁ	11
07-0	VEIKINDI	12
08-0	TRYGGINGAR	13
09-0	EFTIRLAUNASJÓÐUR F.Í.A	16
10-0	RANNSÓKN OG REFSING	17
11-0	LAUN	17
12-0	DAGPENINGAR	19
13-0	AKSTUR.....	20
14-0	EINKENNISFÖT	20
15-0	ÝMIS ÁKVÆÐI.....	21
	YFIRLÝSINGAR OG BÓKANIR	24

STARFSALDURSREGLUR FLUGMANNA BLÁFUGLS ehf	24
LAUNATÖFLUR	29
LÖG FÍA.....	30
FUNDARSKÖP	40

01-0 INNGANGUR

Samningur þessi er gerður á milli flugmanna og Bláfugls ehf. með það að markmiði, að skapa í senn vaxandi atvinnutækifæri fyrir flugmenn í jákvæðu starfsumhverfi og um leið móta rekstrargrundvöll sem gefur Bláfugli ehf. **tækifæri á að bjóða samkeppnishæfa flugþjónustu í alþjóðlegu rekstrarumhverfi.**

- 01-1 Flugmenn láta Bláfugli í té kunnáttu sína og reynslu og skuldbinda sig til að inna af hendi þau störf og á þeim kjörum, sem nánar kveður á um í samningi þessum. Samningsaðilar skuldbinda sig til að fara eftir lögum og reglum, sem gilda um störf flugmanna, samningi þessum og flugrekstarfyrirmælum Bláfugls.
- 01-2 Flugmenn skuldbinda sig til flugmannsstarfa á flugvélum Bláfugls (þar með taldar leiguflugvélar), skv. nánari ákvæðum samnings þessa.
- 01-3 Flugmenn Bláfugls ehf., sem eru löglegir félagar í FÍA, skulu hafa forgang að þeim flugverkefnum sem um er að ræða á hverjum tíma á vegum Bláfugls, enda brjótí slíkt ekki í bága við flugréttindi, lög eða reglur, eða aðrar þær kvaðir eða rekstraraðstæður sem Bláfugli er gert að starfa eftir af stjórnvöldum viðkomandi ríkja. Aðilar eru sammála um, að ráðning eða leiga flugmanna til Bláfugls, sem ekki eru félagar í FÍA, skuli ekki á neinn máta tefja fyrir stöðuhækkunum og öðrum framgangi fastráðinna flugmanna Bláfugls, sem eru löglegir félagar í FÍA, né heldur leiða til uppsagna félagsmanna FÍA innan Bláfugls.

Það er jafnframt vilji Bláfugls að viðhalda og stækka kjarna fastráðinna flugmanna sem fyrirtækið byggir á og tekur það mið af rekstri og verkefnastöðu félagsins hverju sinni.

Lágmarksfjöldi starfandi FÍA manna, á samningi hjá Bláfugli, miðast við áhafnaþörf fyrir flug til og frá Íslandi. Útreiknuð áhafnaþörf skal miðast við 12 mánaða tímabil og vera reiknuð 1. desember ár hvert og vera uppfyllt innan 2ja mánaða. Áhafnaþörfin skal reiknuð af Bláfugli og staðfest af samstarfsnefnd FÍA og Bláfugls innan 15 daga.

Þrátt fyrir framangreint skal fjöldi starfandi FÍA manna á starfsaldurslista á gildistíma samnings vera 11.

Athugasemdir Bláfugls við grein 01-3:

Í tilboði til FÍA fer Bláfugl fram á að þessi grein falli niður. Enda eru flug til og frá Íslandi einungis 8,69% fluga Bláfugls sl 2 ár.

01-4 Öll fyrirmæli og sameiginlegar ákvarðanir Bláfugls og flugmanna, er varða ráðningu, stöðubreytingar, orlof og leyfi frá störfum, skulu staðfest skriflega.

01-5 Flugmanni er óheimilt að taka að sér flugmannsstarf í atvinnuskyni hjá öðrum aðila nema með samþykki Bláfugls ehf., meðan ráðning gildir. Flugmaður skal ábyrgjast það að slíkt flug fyrir aðra aðila skerði ekki möguleika Bláfugls til að nýta viðkomandi þegar hann kemur til starfa hjá Bláfugli að nýju.

Athugasemdir Bláfugls við grein 01-5:

Í tilboði til FÍA fer Bláfugl fram á að bætt verði við að það þurfi skriflegt samþykki Bláfugls.

01-6 Við starfslok flugmanns fyrir aldurssakir eða annarra orsaka skuldbindur Bláfugl ehf. sig að ganga frá lokalaunauppgjöri í sama mánuði og viðkomandi lætur af störfum. Flugmaður skal skila einkennisfatnaði og öðrum eigum Bláfugls í sama mánuði og viðkoamdni lætur af störfum.

Athugasemdir Bláfugls við grein 01-6:

Í tilboði til FÍA fer Bláfugl fram á að stafavíxl í síðustu línunni verði lagað.

02-0 MENNTUN OG RÉTTINDI

02-1 Allir flugmenn skulu hafa fullgild starfsskírteini gefin út eða samþykkt af Flugmálastjórn. Störf flugmanna skiptast þannig eftir réttindum og starfsaldri:

Flugstjóri

Flugmaður

Byrjandi

Starfsskipting flugmanna um borð í flugvél ákvarðast af flugrekstrarhandbók Bláfugls í samræmi við starfsaldursreglur flugmanna Bláfugls.

Athugasemdir Bláfugls við grein 02-1:

Í tilboði til FÍA fer Bláfugl fram á að vísað sé til Samgöngustofu í stað Flugmálastjórnar og

02-2 Byrjandi er sá flugmaður, sem Bláfugl ræður til reynslu, og skal úr því skorið, hvort hann skuli fastráðinn til framhaldsstarfa að loknu 12 mánaða starfi samtals sem slíkur hjá félaginu. Flugstjóri skal teljast fastráðinn þremur mánuðum frá þeim degi, er hann fer fyrsta flug sitt sem slíkur. Bláfugl mun halda við réttindum byrjanda á reynslutímabili, líkt og um fastráðinn flugmann væri að ræða.

02-3 Flugstjóri skal gegna störfum flugmanns sé þess óskað af Bláfugli, enda hafi hann til þess hlotið tilskilda þjálfun sem næst á hálfis árs fresti, og sé þá farið eftir starfsaldri neðan frá.

02-4 Bláfugl skuldbindur sig til að veita flugmönnum sínum þá þjálfun, sem krafist er af Flugmálastjórn, til endurnýjunar og aukningar starfsréttinda þeirra.

Athugasemdir Bláfugls við grein 02-4:

Í tilboði til FÍA fer Bláfugl fram á að vísað sé til Samgöngustofu í stað Flugmálastjórnar.

02-5 Flugmenn skulu sækja og stunda þau námskeið, sem Bláfugl stofnar til, til viðhalds eða aukningar á menntun þeirra í starfi, og ganga undir próf, ef þess er óskað.

02-6 Engum flugmanni skal gert skylt að greiða fyrir afnot af tækjum og áhöldum, sem notuð eru við þjálfun flugmanna.

02-7 Flugmenn sjái um endurnýjun og áritanir flugskírteina sinna og öflun nauðsynlegra landvistarleyfa með aðstoð Bláfugls sem greiðir kostnað því samfara.

Bláfugl skal koma upp kerfi til þess að fylgjast með gildistíma flugskírteina flugmanna og láta vita með 15 daga fyrirvara hvenær skírteini rennur út.

Eftir að skírteini hefur verið endurnýjað, skal flugmaður tilkynna Bláfugli um gildistímamann.

- 02-8
- 1.Með gagnkvæmu samkomulagi flugmanna og Bláfugls ehf. má lækka starfshlutfall flugmanns niður í allt að 50%
 - 2.Laun viðkomandi verða í samræmi við starfshlutfall. Fyrirkomulag vinnuskyldu

- viðkomandi flugmanns yrði þannig að vinnuáætlun yrðu í samræmi við starfshlutfall.
3. Sækja skal um lækun starfshlutfalls með þriggja mánaða fyrirvara. Gagnkvæmur uppsagnarfrestur til hækkunar starfshlutfalls er jafnframt þrjú mánuðir.
 4. Óski flugmaður, með a.m.k. 15 ára starfsaldur, sem náð hefur 58 ára aldri eftir lækun starfshlutfalls skal orðið við því, þó þannig að félaginu er ekki skylt í slíkum tilvikum að veita flugmanni starfshlutfall sem er lægra en 67%.
 5. Breyting á starfshlutfalli innan eins árs frá því breytingin tók gildi er háð samkomulagi milli viðkomandi flugmanns og félagsins.

Hlutastörf innan mánaðar:

Með gagnkvæmu samkomulagi flugmanna og Bláfugls ehf. má lækka starfshlutfall flugmanns þannig að vinnuskylda innan hvers mánaðar lækkar.

Starfshlutfall innan mánaðar getur verið eftirfarandi:

67% - 7 viðbótar OFF dagar í mánuði.

75% - 5 viðbótar OFF dagar í mánuði.

Félagið eða flugmaður getur sagt upp starfshlutfallinu þannig að viðkomandi fari í fullt starf með 3ja mánaða fyrirvara.

Allar starfstengdar greiðslur lækka í sama hlutfalli og starfshlutfall. Frídagar (þar á meðal vegna lægra starfshlutfalls) teljast ekki til orlofsdaga og skulu hafa sömu stöðu og OFF dagar í skráargerð. Orlofsdagar á launum eru í samræmi við starfshlutfall.

Heimilt er í hverju samkomulagi fyrir sig að semja um að viðbótarfrídagar samkvæmt grein þessari skuli teknir á ákveðnum vikudögum eða ákveðnum hluta hvers mánaðar.

Athugasemdir Bláfugls við grein 02-8:

Í tilboði til FÍA fer Bláfugl fram á að þessi grein falli niður – sé umsemjanlegt milli hvers flugmanns sem óskar eftir hlutastarfi og Bláfugls.

Annað tilboð til FIA gerði ráð fyrir að skilgreina starfið sem hlutastarf, enda er „nýting“ flugmanna Bláfugls afar lág, eins og sést á töflunni hér að neðan. Nýting er ca 54% sé miðað við unna daga, en innan við 30% sé miðað við flugstundir (BH) og innan við 46% sé miðað við vinnustundir (FH). Tilboð Bláfugls hljóðaði upp á 68,5% hlutastarf, fyrir sama vinnuframlag og í dag. Sjá skýringamynd með upplýsingum um vinnuframlag

Nýting / vinnuframlag (dagar/klukkustundir) flugmanna og flugstjóra Bláfugls að meðaltali pr. mánuð 2019

	Dagar pr. mánuð	Klukkustundir pr. mánuð		Raunnýting / reglugerð	
	Virkir vinnudagar*	Flugstundir	Vinnustundir	Flugstundir	Vinnustundir
Flugstjóri	12.71	21.50	75.53	21.5%	39.8%
Flugmaður	12.83	30.28	73.83	30.3%	38.9%

03-0 STARFSALDUR, UPPSAGNARFRESTUR OG AÐSETURSSKIPTI

03-1 Starfsaldur

Sjá meðfylgjandi reglur um starfsaldur, sem er hluti af samningi þessum.

Athugasemdir Bláfugls við grein 03-1:

Í tilboði til FÍA fer Bláfugl fram á að þessi grein falli niður.

Það er skoðun Bláfugls að líta þurfi til annarra þátta en starfsaldurs eingöngu við ákvörðun um t.d. stöðuhækkanir.

03-2 Uppsagnarfrestur

Uppsagnarfrestur flugmanna og Bláfugls skal af beggja hálfu vera þrjú mánuðir eftir fastráðningu, en 30 dagar ef um byrjanda eða flugstjóra á reynslutímabili er að ræða, og skal uppsögn miðuð við mánaðarmót.

03-3 Heimahöfn.

Heimahöfn er sá staður, þar sem flugmaður er ráðinn til starfa og skal koma fram í ráðningasamningi hver heimahöfn er. Sé ekki tekið fram hver heimahöfn er, telst lögheimili flugmanns vera heimahöfn.

Athugasemdir Bláfugls við grein 03-3:

Í tilboði til FÍA fer Bláfugl fram á að þessi grein falli niður og tekið sé mið af reglugerð.

Reglugerð EASA tekur á því hvað má og má ekki í flugrekstri. Kjarasamningar almennt þrengja þessar reglur. Það er því hagsmunamál fyrir flugrekanda að geta flogið eftir reglugerð.

03-4 Aðsetursskipti

Það teljast aðsetursskipti ef samfelld dvöl flugmanns frá heimahöfn er lengri en 18 dagar.

Dvöl frá heimahöfn vegna þjálfunar telst þó ekki aðsetursskipti.

Vilji Bláfugl flytja aðsetur flugmanns frá heimahöfn í lengri tíma, skal semja um það sérstaklega við hann í samráði við FÍA.

Athugasemdir Bláfugls við grein 03-4:

Í tilboði til FÍA fer Bláfugl fram á að þessi grein orðist þannig „Vilji Bláfugl flytja heimahöfn flugmanns skal farið eftir reglugerð.“

03-5 Aldurstakmarkanir

Komi til þess að Bláfugl ehf. lendi í þeirri aðstöðu að geta ekki notað flugmann vegna aldurstakmarkana skal fyrirtækið eiga þann möguleika að finna honum önnur störf innan fyrirtækisins eða gera við hann starfslokasamning.

04-0 FLUG-, VAKT- OG HVÍLDARTÍMI

04-1 Um fartíma og vinnutímamörk og reglur um hvíldartíma gildir FTL-kafli í III. viðauka við reglugerð framkvæmdastjórnar ESB nr. 965/2012, sbr. reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 83/2014 sem innleidd var með reglugerð nr. 124/2016 um breytingu á reglugerð nr. 1043/2008 um flug- og vinnutímamörk og hvíldartíma flugverja, með eftirfarandi undantekningum:

1. Áætlaður fartími með tvo flugliða er að hámarki 11 klst.
2. Ekki skal ætla flugmanni að ferðast sem farþegi að lokinni flugvakt, nema lágmarkshvöld komi til. Þó má nýta flugliða upp að hámarks duty tíma, 15 klst., að því virtu að fartími hafi ekki farið yfir 9 klst og/eða tímabelti sem farið er yfir séu 4 eða fleiri.
3. Hámarks duty tími skal vera 15 klst. (traveling dead head, positioning).
4. Frá upphafi varavaktar líði að hámarki 19 klst. þar til flugliði skal vera laus frá störfum.
5. Ekki skal ætla flugliða fleiri en fimm næturvaktir í röð án þess að næturhvöld komi

til.

Athugasemdir Bláfugls við grein 04-0:

Í tilboði til FÍA fer Bláfugl fram á að þessi grein verði óbreytt en upptaldar undantekningar falli niður.

04-2 Flugstundir

- a. Flugstundum og vaktíma skal dreift á þann hátt, að sem jafnast komi niður flugmenn, bæði í áætlunarflugi og í leiguflugi. Auk þess skal haga svo til, að ferðafjöldi og úthaldsdagar hvers flugmanns í áætlunarflugi og leiguflugi verði sem jafnastur.

05-0 ORLOF OG FRÍDAGAR**05-1 Orlof**

- a. Hver flugmaður, sem starfar hjá Bláfugli, skal fá orlof á fullum launum sem hér segir:

Starfsaldur	Fjöldi orlofsdaga	Skipting sumar/vetur
Fyrstu 10 árin	36 virkir dagar	24/12
Eftir 10 ár	38 virkir dagar	26/12
Eftir 15 ár	40 virkir dagar	28/12
Eftir 20 ár	43 virkir dagar	30/13

Athugasemdir Bláfugls við grein 05-1:

Í tilboði til FÍA fer Bláfugl fram á að þessi grein verði í takti við kjör á almennum vinnumarkaði og hljóði svo:

Lágmarksorlof er 24 virkir dagar (tveir orlofsdagar ávinnast fyrir hvern unninn mánuð á orlofsárinu) orlofslaun eru 10,17% af heildarlaunum.

- Eftir 5 ár í sömu starfsgrein 25 dagar og orlofslaun 10,64%
- Eftir 5 ár hjá sama fyrirtæki 27 dagar og orlofslaun 11,59%
- Eftir 10 ár hjá sama fyrirtæki 30 dagar og orlofslaun 13,04%

Uppfæra í samræmi við eingöngu sumarorlof. Starfsmenn geta óskað eftir að skipta orlofi upp milli árstíma. Skipting milli sumar og vetur dettur út.

Vetrarfrí sem veitt er vegna vinnu á stórhátíðardögum fellur niður og í staðinn koma greiðslur á stórhátíðarálagi í þeim tilfellum sem unnið er á slíkum dögum.

Í orlofsmánuði skulu frídagar, flug- og vaktímar vera í réttu hlutfalli við vinnudaga. Ef flugmaður óskar og því verður við komið, skal tengja einn eða fleiri slíka frídaga við orlof. Starfstími miðast við þann dag sem flugmaður hóf störf hjá félaginu.

Veikist flugmaður í orlofi vísast til orlofslaga.

Úthluta skal flugmanni orlofi 30 dögum fyrir upphaf orlofstímabils.

Uppsöfnuðu orlofi frá fyrri orlofsárum má úthluta með a.m.k. 30 daga fyrirvara.

b. Orlofsúthlutun

Orlofi skal jafnað á milli flugstjóra á sömu flugvélagerð annars vegar og flugmanna á sömu flugvélagerð hins vegar.

Úthlutun sé hagað þannig að forgangur til vals færist milli manna frá ári til árs, eftir nánara samkomulagi. Ef ágreiningur kemur upp um orlofsúthlutun skal samstarfsnefnd fjalla um málið.

Orlof skiptist í sumarfrí og vetrarfrí. Sumarfrí skal úthlutað á tímabilinu 2. maí til 30. september. Vetrarfrí skal úthlutað á tímabilinu 1. október til 30. apríl. Heimilt er að

skipta orlofi. Hafi orlofstöku verið frestað að beiðni Bláfugls skal uppsöfnuðu orlofi úthlutað með gagnkvæmu samkomulagi.

Athugasemdir Bláfugls við grein 05-1b:

Í tilboði til FÍA gerir Bláfugl eftirfarandi athugasemdir:

Eru ekki til staðar neinar reglur um úthlutun og því á önnur málsgrein ekki við. Aðlaga þriðju málsgrein að sumarfrí eingöngu.

c. Lögskipaðir frídagar

Eftirtaldir dagar skulu ekki taldir með, þegar orlofi er úthlutað:

Sunnudagur, nýársdagur, skírdagur, föstudagurinn langi, annar páskdagur, sumardagurinn fyrsti, 1.maí, uppstigningardagur, annar í hvítasunnu, 17.júní, 1/2 aðfangadagur, jóladagur, annar jóladagur, 1/2 gamlársdagur, frídagur verslunarmanna og fyrstu fimm laugardagarnir í orlofi sbr. lög nr. 30/1987.

05-2 Frídagar

Frídagar skulu að lágmarki vera 9 staðardagar (Local days) í hverjum mánuði sem geta innifalið tilskilin hvíldartímabil. Flugmenn eiga rétt á einu helgarfríi í mánuði (þ.e.

laugardag og sunnudag samliggjandi).

Staðardagur (Local day) er 24 stunda tímabil (sólarhringur) sem hefst klukkan 00:00 að staðartíma.

Með gagnkvæmu samkomulagi er félaginu heimilt að kaupa vinnu af flugmanni á frídegi. Hver frídagur greiðist annaðhvort með 15% af föstum launum viðkomandi flugmanns eða 7% af föstum launum viðkomandi flugmanns auk eins frídags og er orlof innflaið. Dagpeningar skulu greiddast sérstaklega, enda raski vaktin samningsbundnum frídegi. Þessi greiðsla er óháð því hvenær sólarhrings vaktin hefst. Hver keyptur frídagur telst vera 24 klukkustundir.

Kjósi flugmaður frekar að fá 7% greiðslu og frídag í staðinn fyrir keyptan frídag, skal slíkum frídegi skal úthlutað á næstu áhafnaskrá eða samkvæmt samkomulagi.▲.....

Athugasemdir Bláfugls við grein 05-2:

Í tilboði til FÍA fer Bláfugl fram á að grein 05-2 hljóð svo:

Fjöldi frídaga skal vera í samræmi við reglugerð og sama á við um aðra málsgrein. Með gagnkvæmu samkomulagi er félaginu heimilt að kaupa vinnu af flugmanni á frídegi.

Hver frídagur greiðist skv. eftirfarandi:

- 350 eur fyrir hvern keyptan dag hjá flugmanni
- 500 eur fyrir hvern keyptan dag hjá flugstjóra

Dagpeningar skulu greiddast sérstaklega. Þessi greiðsla er óháð því hvenær sólarhrings vaktin hefst. Hver keyptur frídagur telst vera 24 klukkustundir.

05-3 Fæðingarorlof

Um fæðingarorlof vísast til laga um fæðingarorlof sem í gildi eru á hverjum tíma.

06-0 ÁHAFNAÞÖRF OG ÁHAFNASKRÁ

06-1 Gerð áhafnaskrár

- Áhafnaskrá skal gefin út fyrir minnst 14 daga, og skal hún ætíð koma út fimm sólarhringum áður en gildandi skrá fellur úr gildi.
- Áhafnaskrá er tilkynning um vinnutíma og frídaga. Sé áhafnaskrá ekki gefin út á umsömdum tíma, verða frídagar ekki teknir gildir fyrr en tveimur sólarhringum eftir að hún hefur verið lögð fram.

- c. Þegar áhafnaskrá er gerð, skulu allar áætlanir, sem flugmönnum er ætlað að vinna eftir, settar á skrá eða fylgiblað, sem er hluti af áhafnaskrá og verður gefin út eftir þörfum og í samráði við samstarfsnefnd.
- d. Óski flugmaður eftir sérstökum frídögum, skal því komið á framfæri við áhafnaskrárritara eigi síðar en fimm dögum áður en áhafnaskrá er gefin út. Verður þá komið til móts við óskir flugmanns eins og mögulegt er.

Athugasemdir Bláfugls við grein 06-1:

Í tilboði til FÍA fer Bláfugl fram á eftirfarandi breytingar:

- a. *Aðlaga að reglugerð*
- b. *Á ekki við lengur við þar sem reglugerð hefur tekið breytingum*
- c. *Þessi grein falli niður*
- d. *beiðni frá flugmönnum komi 10 dögum fyrir útgáfudag skrár.*

06-2 Úrvinnsla

- a. Vinna skal þannig úr áhafnaskrá, að forfallist flugmaður, verði varamaður settur í hans stað, en aðrir, sem á skránni eru viðkomandi dag, haldi sinni röð.
- b. Ef röskun verður á áætluðu flugi samkvæmt skrá er heimilt að áætla flugmönnum önnur flug, enda raskist ekki fyrirfram áætlaður vinnutími. Þess skal og/ætið gætt, að fyrirfram ákveðnum frídögum verði ekki raskað, nema með samþykki viðkomandi flugmanns. Aldrei skal farið fram úr hámarks vakttíma.
- c. Óheimilt er að breyta gildandi skrá, nema með samþykki viðkomandi flugmanns og áhafnaskrárritara.
- d. Ef flugmenn vilja skipta frídögum eða flugdögum, geta þeir gert það innbyrðis, en hafa skal samráð við áhafnaskrárritara eða fulltrúa hans um skiptin.

Athugasemdir Bláfugls við grein 06-1:

Í tilboði til FÍA fer Bláfugl fram á eftirfarandi breytingar:

- b. *laga orðalag – röskun á flugi mun valda röskun á fyrirfram áætluðum vinnutíma og greinin þarf að taka tillit til þess*
- c. *óheimilt er að breyta gildandi skrá, nema í samráði við viðkomandi flugmann og áhafnarskrár ritara, en samþykki ef breytingin hefur áhrif á frídaga.*
- d. *óbreytt (samráð sé í greinum c og d).*

06-3 Varavaktir

- a. Varavakt er fyrirfram skilgreindur vakttími sem flugmaður er til vara fyrir flug. Tilgangur varavakta er að tryggja mönnun vegna veikinda, forfalla, aukaferða eða annarra breytinga sem koma upp eftir að áhafnaskrá liggur fyrir. Innan marka vakttímans má kalla flugmann til starfa. Ætíð skal tilkynna flugmanni strax og vitað

er að hann þurfi að fljúga.

- b. Hámarksvaktími á varavakt er 12 klukkustundir, enda sé boðunartími innan við 6 klukkustundir. Upphaf og endir varavaktar, svo og viðverutímar skulu koma fram á áhafnaskrá. Upphaf varavaktar getur takmarkast af hvíld, eða ef frídagur er á undan varavakt. Varavaktími og boðunartími er ekki hluti af flugvaktíma. Varavaktími telur hins vegar á móti vaktímahámörkum og ef flugmaður er kallaður í vinnu 50% af boðunartíma, samkvæmt reglugerð um flug- og vinnutímamörk og hvíldartíma flugáhafna.
- c. Ef flugmaður lýkur varavakt án þess að vera kallaður til starfa, ber honum minnst 11 klukkustunda hvíld þar til hann hefur varavakt á ný eða mætir til starfa. Ekki má kalla flugmann til starfa eftir að varavakt er lokið nema áður-nefndri lágmarkshvíld sé náð.
- d. Varavaktir skulu settar upp á áhafnaskrá í skilgreindum lotum, og teljast hafa sömu stöðu og aðrar vaktir gagnvart skráargerð. Varavaktir geta verið skilgreindar fyrir mismunandi tímabil sólarhrings, eftir því sem þurfa þykir á hverjum tíma. Útkall á varavakt má raska næsta vinnudegi eða ósamningsbundnum frídegi á skrá en ekki samningsbundnum frídegi, nema með samþykki viðkomandi.

Athugasemdir Bláfugls við grein 06-3:

Í tilboði til FÍA fer Bláfugl fram að vísað sé í viðeigandi reglugerð.

06-4 Áhafnaþörf

Við áhafnaútreikninga skal tekið tillit til eftirlits/þjálfunarflugmanna á eftirfarandi hátt. $B737 = 0,5$ stöðugildi fram yfir áætlaða áhafnaþörf. Staða yfirflugstjóra skal ekki telja með gagnvart áhafnaútreikningnum ($0,5$ stöðugildi) miðað við núverandi flugvélaflota félagsins. Vegna forfalla og ófyrirséðra breytinga á flugi skal bæta við 10% við ofangreindan áhafnafjölda.

Athugasemdir Bláfugls við grein 06-4:

Í tilboði til FÍA fer Bláfugl fram að þessi grein falli niður.

07-0 VEIKINDI

07-1 Fjarvistir vegna veikinda eða slysa ber að tilkynna flugumsjón strax og verða má.

07-2 Nú veikist flugmaður og forföll hans eru staðfest, skal þá greiða honum full laun

samkvæmt 11. grein samnings þessa í allt að 13 mánuði, þó ekki lengur en til loka ráðningartímans ef um byrjanda er að ræða.

Athugasemdir Bláfugls við grein 07-2:

Í tilboði til FÍA fer Bláfugl fram á eftirfarandi breytingar, til samræmis við almenn kjör á íslenskum vinnumarkaði:

Nú veikist flugmaður og forföll hans eru staðfest, skal þá greiða honum full laun samkvæmt 11. grein samnings þessa skv. eftirfarandi:

Starfstími hjá Bláfugli	Veikindaréttur
Á fyrsta ári í starfi	2 dagar fyrir hvern unninn mánuð
Eftir 1 ár í starfi	2 mánuðir á hverju 12 mánaða tímabili
Eftir 5 ár í starfi	4 mánuðir á hverju 12 mánaða tímabili
Eftir 10 ár í starfi	6 mánuðir á hverju 12 mánaða tímabili

Þó ekki lengur en til loka ráðningartímans ef um byrjanda er að ræða.

- 07-3 Veikist flugmaður utan heimahafnar í starfi fyrir félagið, skal það greiða nauðsynlega læknishjálp og sjúkrakostnað, meðan viðkomandi liggur sjúkur erlendis, og annast heimflutning hans, ef þörf krefur.

Bláfugl ehf. skal láta flugmanni í té skilríki, þar sem fram kemur, að félagið gangi í ábyrgð fyrir hann um slíkar greiðslur.

- 07-4 Dagpeningar samkvæmt almannatryggingalögum skulu greiddast Bláfugli þann tíma, sem flugmaður þiggur full laun.

- 07-5 Nú veikist flugmaður eða er á einhvern hátt ófær um að sinna starfi flugmanns vegna missis skírteinis til lengri eða skemmir tíma, en er samt vinnufær að öðru leyti. Við slíkar aðstæður getur flugmaður tekið að sér störf innan fyrirtækisins við verkefni þar sem þekking hans nýtist þar til hann er fær um að sinna starfi flugmanns á ný eða veikindaréttur hans endar, enda sé til þess gagnkvæmur vilji Bláfugls og hlutaðeigandi flugmanns.

Athugasemdir Bláfugls við grein 07-5:

Í tilboði til FÍA fer Bláfugl fram á eftirfarandi breytingar, til samræmis við almennan vinnumarkað:

Nú veikist flugmaður eða er á einhvern annan hátt ófær um að sinna starfi flugmanns vegna

missis skírteinis til lengri eða skemmri tíma, en er samt vinnufær að öðru leyti þá skal hann sinna verkefnum fyrir félagið [á skrifstofu]þar til hann getur hafið störf aftur sem flugmaður eða klárar veikindarétt sinn.

07-6 Flugmanni er eftir fyrsta mánuð fastráðningar heimilt að verja 7 dögum á ári til umönnunar á sjúkum börnum sínum undir 13 ára aldri.

Athugasemdir Bláfugls við grein 07-6:

Í tilboði til FÍA fer Bláfugl fram á eftirfarandi breytingar, til samræmis við almennan vinnumarkað:

Flugmanni er heimilt á fyrstu 6 mánuðum í starfi að verja 2 dögum á mánuði til umönnunar á sjúkum börnum sínum undir 13 ára aldri. Eftir 6 mánaða starf verður rétturinn 12 dagar á hverju 12 mánaða tímabili.

08-0 TRYGGINGAR

08-1 Slysaftrygging

Bláfugl skal á sinn kostnað tryggja hvern flugmann fyrir 13.248.586 krónur. miðað við dauða eða fulla örorku. Tryggingin skal vera skv. skilmálum Sambands slysaftryggjenda og skal örorkumat framkvæmt af tryggingaryfirlækni, eða í forföllum hans tryggingalækni. Greiðslur örorkubóta skv. almannaftryggingalögum skulu ekki koma til frádráttar ofangreindum örorkubótum.

Verði flugmaður fyrir slysi í starfi eða utan starfs (þó með þeim takmörkunum, sem settar eru samkvæmt 08-7) skal greiða honum full laun samkvæmt grein samnings þessa í allt að 15 mánuði.

Nauðsynleg læknishjálp og sjúkrakostnaður, að svo miklu leyti sem hann greiðist ekki af sjúkrasamlagi eða skv. almannaftryggingalögum, greiðist af Bláfugli, sé um slys í starfi að ræða, en ekki utan starfs. Nú er flugmaður frá störfum vegna slyss og Bláfugl greiðir honum laun, skulu dagpeningagreiðslur slysaftryggingar ganga til félagsins.

Athugasemdir Bláfugls við grein 08-1:

Í tilboði til FÍA fer Bláfugl fram á eftirfarandi breytingar:

Bláfugl skal á sinn kostnað tryggja hvern flugmann fyrir kr. 33.401.461 (vísitala í okt 489,10)

miðað við dauða eða fulla örorku.

Verði flugmaður fyrir slysi í starfi hjá Bláfugli (þó með þeim takmörkunum, sem settar eru samkvæmt 08-7) skal greiða honum full laun samkvæmt eftirfarandi:

Starfstími hjá Bláfugli	Veikindaréttur
Á fyrsta ári í starfi	2 dagar fyrir hvern unninn mánuð
Eftir 1 ár í starfi	2 mánuðir á hverju 12 mánaða tímabili
Eftir 5 ár í starfi	4 mánuðir á hverju 12 mánaða tímabili
Eftir 10 ár í starfi	6 mánuðir á hverju 12 mánaða tímabili

Í vinnuslysa- eða atvinnusjúkdómstífellum sem orsakast við vinnuna eða af henni greiðir Bláfugl grunnlaun í allt að 3 mánuði til viðbótar áunnum veikindarétti sem tilgreindur er hér að ofan. Sambærilegt við það sem almennt gerist á vinnumarkaði.

08-2 Skírteinistrygging

Bláfugl skal á sinn kostnað tryggja skírteini hvers flugmanns fyrir kr. 25.000.000.- Trygging þessi skal ná yfir réttindamissi um stundarsakir og réttindamissi vegna aldurshrörnunar.

Greiða skal óskerta tryggingafjárhæð að 60 ára aldri vegna missis skírteinis, enda þótt sennilegt verði talið að hinn tryggði geti síðar meir stundað aðra atvinnu en þá sem skírteini hans gildir fyrir. Skírteinistrygging er eingreiðsla sem greiðist í einu lagi eða áföngum, að vali flugmanns. Greiðist tryggingin út í einu lagi skal afvaxta fjárhæðina miðað við meðaltal verðtryggðra útlánsvaxta bankanna, þannig að verðmæti tryggingarinnar sé það sama án tillits til greiðslufyrirkomulags.

Tryggingin tekur að fullu til veikinda, sem eru að uppruna sálræn (psychotic or psychoneurotic) eða af flogaveiki spunnin með sama hætti og til annarra veikinda.

Ef tryggingafélag Bláfugls neitar endurnýjun eða hækkun á skírteinis tryggingu flugmanns eða takmarkar svið hennar við hækkun eða endurnýjun á grundvelli samhljóða læknisvottorðs trúnaðarlækna samningsaðila, skal Bláfugl ekki ábyrgt fyrir þeirri hækkun eða takmörkun. Í slíkum tilfellum mun Bláfugl reyna að fá þær takmarkanir sérstaklega tryggðar og gera það í samráði við FÍA. FÍA er jafnframt heimilt, fáist ekki viðunandi trygging skv. ofanskráðu, að leita til tryggingafélaga, innlendra eða erlendra um tryggingu á skírteini viðkomandi flugmanns. Fáist trygging á þennan hátt, greiðir Bláfugl sama iðgjald fyrir þann, sem í hlut á, eins og fyrir aðra

skírteinistryggingarhafa, án takmarkana í sama aldursflokki. Fáist skírteinistrygging allt að einu ekki keypt, greiðir Bláfugl flugmanni þeim, sem í hlut á, andvirði iðgjalds, sem á við um aðra skírteinistryggingarhafa, án takmarkana í sama aldursflokki.

Örorkubætur slysatrygginga skv. 08-1 skulu ekki skerða rétt til bóta samkvæmt skírteinistryggingu.

Réttindi til skírteinistryggingar öðlast flugmenn/flugstjórar við fastráðningu.

Athugasemdir Bláfugls við grein 08-2:

Í tilboði til FÍA fer Bláfugl fram á eftirfarandi breytingar:

Bláfugl greiðir hverjum flugmanni styrk til kaupa á skírteinis- og líftryggingu. Mánaðarleg fjárhæð skal vera kr. 25.000 eða 300.000 kr. á ári.

08-3 Farangurstrygging

- a. Bláfugl skal á sinn kostnað tryggja farangur flugmanna fyrir 150.000 krónur samkvæmt sérstöku skírteini, sem báðir aðilar samþykkja.
Tjón allt að 150.000 krónur greiðist að fullu.
- b. Verði flugmaður fyrir tjóni á gleraugum við framkvæmd vinnu sinnar skal það bætt samkvæmt mati.
- c. Komi farangur ekki fram á ákvörðunarstað erlendis vegna mistaka við merkingu, hleðslu eða afhleðslu farangurs mun félagið greiða flugmanni hæfilega upphæð til nauðsynjakaupa, sé þess óskað, þó aldrei hærrí en andvirði 200 USD. Hið sama á við ef kemur til ófyrirséðrar næturvalar í fram og til baka flugi (non-stop).

08-4 Ferðasjúkratrygging

Bláfugl skal greiða iðgjald af ferðasjúkratryggingu fyrir flugmenn.

08-5 Hóplíftrygging

Bláfugl greiðir iðgjald af hóplíftryggingu flugmanna. Tryggingin er að upphæð 20.000.000 krónur.

Athugasemdir Bláfugls við grein 08-5:

Í tilboði til FÍA fer Bláfugl fram á þessi grein falli niður.

08-6 Tryggingaskírteini

Bláfugl skal sjá um, að hver flugmaður fái afrit af skírteini slysatryggingar, hóplíftryggingar, ferðasjúkratryggingar, farangurstryggingar og skírteinistryggingar, ásamt þeim skilmálum sem gilda um ofangreindar tryggingar hverju sinni.

Athugasemdir Bláfugls við grein 08-6:

Í tilboði til FÍA fer Bláfugl fram á eftirfarandi breytingar:

Bláfugl skal sjá um að hver flugmaður fái afrit af skírteini slysatryggingar, ferðasjúkratryggingar, og farangurstryggingar, ásamt þeim skilmálum sem gilda um ofangreindar tryggingar hverju sinni.

08-7 Almennt um tryggingar

Tryggingafjárhæðir þær, sem tilgreindar eru í þessari grein miðast við vísitölu neysluverðs í janúar 2000, sem var 194,0 stig og breytast mánaðarlega að undanskilinni tryggingafjárhæð skírteinistryggingar sem breytist árlega, við endurnýjun.

Segi Bláfugl flugmanni upp starfi, skal uppsögn á engan hátt skerða rétt hans til tryggingarfjár, samkvæmt greinum 08-1, 08-2, 08-3, 08-4, 08-5 og 07-2, vegna veikinda eða slysa, er verða áður en starfstíma hans lýkur.

Flugmenn skulu fá afhent eintak af þeim skilmálum er gilda um hverja tryggingu á hverjum tíma. Skilmálar trygginga skulu lagðir fyrir fund samstarfsnefndar áður en kaup á þeim eiga sér stað.

Gilda tryggingar þessar ekki við launuð flugstörf hjá öðrum flugfélögum en Bláfugli ehf.

Athugasemdir Bláfugls við grein 08-7:

Í tilboði til FÍA fer Bláfugl fram á eftirfarandi breytingar:

Uppfæra vísun í vísitölu og fjárhæðir

Tryggingar þessar gilda ekki við launuð störf hjá öðrum fyrirtækum en Bláfugli ehf.

08-8 Við réttindamissi um stundarsakir greiðast 2% af USD 100.000.- á mánuði að loknum 3ja mánaða biðtíma.

Athugasemdir Bláfugls við grein 08-8:

Í tilboði til FÍA fer Bláfugl fram á þessi grein falli niður.

09-0 EFTIRLAUNASJÓÐUR F.Í.A.

09-1 Flugmenn greiða **4%** - fjóra hundraðshluta - af föstum launum samkvæmt samningi þessum til Eftirlaunasjóðs FÍA.

Bláfugl ehf. greiðir **19%** - níttján af hundraði - af föstu launum samkvæmt samningi þessum til Eftirlaunasjóðs FÍA. Greiðsla þessi samanstendur af **16%** í sameignarsjóð og **3%** framlagi í séreignarsjóð.

Athugasemdir Bláfugls við grein 09-1:

Í tilboði til FÍA fer Bláfugl fram á eftirfarandi breytingar:

Flugmenn greiða 4% af föstum launum samkvæmt samningi þessum til lífeyrissjóðs að eigin va

*Bláfugl ehf. greiðir **11,5%** af föstum launum til þess lífeyrissjóð sem flugmaður velur að greiða til. Kjósi flugmaður að greiða í séreignarsjóð, lágmark **2%**, þá greiðir Bláfugl 2% framlag á móti. **Hér er verið að færa kjör nær almennum markaði.***

09-2 Framlög beggja aðila samkvæmt 09-1 eru bundin við nöfn viðkomandi flugmanna, enda miðuð við kaup hvers um sig.

09-3 Bláfugl ehf. skal inna af hendi greiðslur til Eftirlaunasjóðs FÍA samkvæmt 09- 1, eigi síðar en 15. dag hvers mánaðar fyrir næsta mánuð á undan, ella ber þeim að greiða dráttarvexti, eins og þeir eru á hverjum tíma, og skulu þeir þá reiknast frá 1.degi þess mánaðar, er greiðslan féll í gjalddaga.

Athugasemdir Bláfugls við grein 09-3:

Í tilboði til FÍA fer Bláfugl fram á eftirfarandi breytingar:

Grein haldist en breyta greiðsludegi í síðasta virka dag hvers mánaðar fyrir næsta mánuð á undan.

09-4 Lífeyrисиðgjald greiðist af desemberuppbót með sama hætti og af launum.

10-0 RANNSÓKN OG REFSING

10-1 Eigi skal refsa eða víkja flugmanni frá störfum fyrir brot gegn lögum eða opinberum flugreglum, nema í samráði við stjórn FÍA eða að undangenginni dómsrannsókn, sem leiðir sekt hans í ljós.

10-2 Ekki skal flugmanni gert skylt að greiða skaðabætur vegna nokkurs tjóns á fólki eða.

eignum, hvers eðlis sem það er, nema sannað sé að tjónið hafi orðið vegna vítaverðs gáleysis eða ásetningsverknaðar.

- 10-3 Ef Bláfugl telur sig þurfa að rannsaka meint brot eða óhapp flugmanns, skal FÍA eiga rétt á að skipa fulltrúa í rannsóknarnefndina, í samráði við flugmenn Bláfugls.
- 10-4 Notkun upplýsinga sem skráðar eru á flugrita (Flight Data Recorder) og hljóð-rita (Cockpit Voice Recorder), skulu vera í samræmi við stefnumörkun IFALPA Annex 13, gr. 5.7 og 5.8, dags. í desember 1987.
- 10-5 Notkun upplýsinga sem skráðar eru í Flight Data Monitoring skulu vera í samræmi við samning milli Bláfugls og FÍA.

11-0 LAUN

11-1 Launaflokkar eru 3:

1. flokkur - flugstjóri
2. flokkur - flugmaður
3. flokkur - byrjandi.

11-2 Launahlutföll eru eftirfarandi:

a. Laun flugstjóra skal reikna með eftirfarandi hætti:

1. 1. janúar 2018 laun flugmanns í sama launaprepi að viðbættum 26,5%
2. 1. janúar 2019 laun flugmanns í sama launaprepi að viðbættum 29,5%
3. 1. janúar 2020 laun flugmanns í sama launaprepi að viðbættum 31,5%

b. Laun byrjanda eru 70% af launum flugstjóra í fyrsta launaprepi.

Athugasemdir Bláfugls við grein 11-2:

Í tilboði til FÍA fer Bláfugl fram á að þessi grein falli niður.

11-3 **Launatafla flugmanna Bláfugls ehf.**

- a. Launatafla er sérprentuð og fylgir þessum samningi. (Tenging við Ícelandair slitin).
- b. Grunnlaun hækki skv. neðangreindu:

1. janúar 2018 hækka laun um 4,5%

1. janúar 2019 hækka laun um 4,5%

1. janúar 2020 hækka laun um 2,0%

Athugasemdir Bláfugls við grein 11-3:

Í tilboði til FÍA fer Bláfugl fram á eftirfarandi breytingar:

Sjá uppfærða launatöflu

....

Laun byrjanda skulu vera 70% af launum flugstjóra í fyrsta þrepi.

Grunnlaun þeirra flugmanna sem eru í starfi hjá Bláfugli þegar þessi samningur öðlast gildi skulu halda sínum grunnlaunum sem föstum mánaðarlaunum. Laun þeirra þróast svo til hækkunar eins og við á skv. launatöflu í grein 11-3.

11-4 Vaktaálag

Vaktaálag er 33% við undirritun samnings. (Tenging við Icelandair slitin).

Athugasemdir Bláfugls við grein 11-4:

Í einu tilboði til FÍA fer Bláfugl fram á að þessi grein falli niður – tekin verða upp föst mánaðalaun.

Í annarri útfærslu er gert ráð fyrir að vaktaálag haldi sér.

11-5 Starfsaldurshækkunar nýrra flugmanna skulu miðast við ráðningardag, en annarra flugmanna við þá launaflokka, sem hafa verið í gildi.

Hverfi flugmaður til annarra starfa hjá félaginu skal starfsreynsla hans metin við skipun í launaflokk.

11-6 Þegar flugmaður flyst í launaflokk flugstjóra, skal honum við skipun í launabrep talinn með sá tími, sem hann hefur starfað sem flugmaður hjá félaginu, miðað við fastráðningardag.

11-7 Launalækkun vegna stöðubreytinga skal tilkynnt skriflega með minnst þriggja mánaða fyrirvara.

11-8 Mánaðarlaun ber að greiða fyrsta dag hvers mánaðar eftir á.

11-9 Desemberuppbót

Desemberuppbót skal reiknast sem 35% af föstum launum flugstjóra í 25. launaflokki. Uppgjörstímabil er almanaksárið, en fullt ársstarf telst í þessu sambandi 45 unnar vikur eða meira fyrir utan orlof. Flugmenn með skemmri starfstíma skulu fá greitt hlutfallslega miðað við starfstíma sinn.

Flugmaður sem lætur af störfum á árinu vegna aldurs eða eftir 12 vikna samfellt starf á árinu hjá Bláfugli, skal við starfslok fá greidda desemberuppbót miðað við starfstíma og starfshlutfall á árinu.

Athugasemdir Bláfugls við grein 11-9:

Í tilboði til FÍA fer Bláfugl fram á að þessi grein taki eftirfarandi breytingum:

Desemberuppbót er föst tala og tekur ekki launabreytingum skv. öðrum ákvæðum samnings þessa. Desemberuppbót greiðist eigi síðar en 15. desember ár hver, miðað við starfshlutfall og starfstíma, öllum flugmönnum sem hafa verið samfellt í starfi hjá atvinnurekanda í 12 vikur á síðstu 12 mánuðum eða er í starfi fyrstu viku í desember. Fullt starfsár í þessu sambandi telst vera 45 unnar vikur eða meira fyrri utan orlof. Upphæð desemberuppbótar skal vera eftirfarandi:

- 2021 kr. 96.000
- 2022 kr. 98.000
- 2023 kr. 100.000
- 2024 kr. 102.000

11-10 Orlofsuppbót

Orlofsuppbót skal vera 40% af föstum mánaðarlaunum flugmanns. Orlofsuppbót greiðist hinn 1. júlí ár hvert með júní launum.

Uppfæra þarf skriflega ráðningarsamninga hvers flugmanns.

Athugasemdir Bláfugls við grein 11-10:

Í tilboði til FÍA fer Bláfugl fram á að þessi grein taki eftirfarandi breytingum:

Orlofsuppbót er föst tala og tekur ekki launabreytingum skv. öðrum ákvæðum samnings þessa. Orlofsuppbót greiðist eigi síðar en 1. júní ár hver, miðað við starfshlutfall og starfstíma, öllum flugmönnum sem hafa verið samfellt í starfi hjá atvinnurekanda í 12 vikur á síðstu 12 mánuðum eða er í starfi fyrstu viku í desember. Fullt starfsár í þessu sambandi telst vera 45 unnar vikur eða meira fyrri utan orlof. Upphæð orlofsuppbótar skal vera eftirfarandi:

- 2021 kr. 52.000
- 2022 kr. 53.000
- 2023 kr. 55.000
- 2024 kr. 57.000
- 2025 kr. 59.000

12-0 DAGPENINGAR

- 12-1 Dagpeningagreiðslur í millilandaflugi miðast við fjarvistartíma flugmanna utan heimahafnar.
Dagpeningar vegna þjálfunar eða annarra starfa á vegum Bláfugls eru greiddir ef gist er utan heimahafnar og skulu vera þeir sömu og vegna millilandaflugs.
- 12-2 Dagpeningar í EES löndum að viðbættu Sviss:
110 EUR fyrir flugmenn og 132 EUR fyrir flugstjóra.
Dagpeningar í öðrum löndum:
126,5 USD fyrir flugmenn og 148,5 USD fyrir flugstjóra.
Endurskoðun á dagpeningum skal fara fram árlega og vera lokið í janúar ár hvert, miða skal við neyslúvísitölu í Þýskalandi, án húsnæðisliðar (Vísitala skal valin skv. nánara samkomulagi samningsaðila).
Dagpeningatafla flugmanna Bláfugls gildir frá og með 1. júlí 2012.

Athugasemdir Bláfugls við grein 12-12:

Í tilboði til FÍA fer Bláfugl fram á að þessi grein hljóði svo:

*Dagpeningar í EES löndum að viðbættu Sviss:
121,04 eur fyrir flugmenn og 145,26 eur fyrir flugstjóra*

*Dagpeningar í öðrum löndum:
126,50 usd fyrir flugmenn og 148,5 fyrir flugstjóra*

- 12-3 Fullir dagpeningar greiðast fyrir hvern byrjaðan sólarhring, nýr sólarhringur telst hefjast klukkan 0300Z. Greiðsla dagpeninga fyrir vakt sem hefst á tímabilun 2100Z-2400Z telst hefjast klukkan 0001z eftir miðnætti næsta dag. Greiðslu dagpeninga fyrir vakt sem lýkur á tímabilinu 0001-0300Z lýkur klukkan 2359 fyrir miðnætti daginn á undan.
- 12-4 Bláfugl sér flugmönnum fyrir gistingu í ferðum, þeim að kostnaðarlausu. Félagið velur gistihús í samráði við fulltrúa flugmanna.
- 12-5 Bláfugl sér flugmönnum fyrir drykkjarvatni og kaffi um borð í flugvélum félagsins, þeim að kostnaðarlausu.

13-0 AKSTUR

- 13-1 Bláfugl sér flugmönnum fyrir akstri milli dvalarstaðar og flugvallar fyrir flug og að loknu flugi. Þó skal þjónusta þessi takmarkast við stór-Reykjavíkursvæðið (Reykjavík – Kópavogur – Garðabær – Hafnarfjörður – Mosfellsbær – Álftanes og Seltjarnarnes) eða 50 km hámarks fjarlægð milli dvalarstaðar í heimahöfn og flugvallar ef heimahöfn er erlendis.

Athugasemdir Bláfugls við grein 13-1:

Í tilboði til FÍA fer Bláfugl fram á að þessi grein hljóði svo:

Bláfugl sér flugmönnum fyrir akstri milli safnstöðvar í Keflavík og flugvallar fyrir flug og að loknu flugi.

13-2 Bifreiðastyrkur

Í þeim tilfellum sem fyrirtækið sér ekki um akstur milli heimilis og flugvallar á heimahöfn þá greiðir fyrirtækið akstursstyrk að fjárhæð kr. 35.000 á mánuði.

14-0 EINKENNISFÖT

- 14-1 Bláfugl lætur flugmönnum í té einkennisfatnað, þeim að kostnaðarlausu. Um endurnýjun einkennisfatnaðar fer samkvæmt þörfum og reglum félagsins.

Einkennisfatnaðurinn er eign Bláfugls. Láti flugmaður af starfi ber honum að afhenda félaginu hann. Flugmönnum ber að fara eftir reglum Bláfugls um einkennisfatnað, samkvæmt flugreskrarhandbók félagsins.

- 14-2 Flugmenn skulu fá greidda skópeninga tvisvar á ári, að upphæð 15.000 kr. í hvort skipti. Skópeningar greiðast með launum fyrir júní og desember ár hvert. Aðilar eru sammála um að skópeningar eru eftirágreiddir.

- 14-3 Bláfugl lætur fastráðnum flugmönnum í té „notice canceling“ heyrnartól. Bláfugl mun gefa út reglur um notkun, meðferð og dreifingu búnaðarins.

15-0 ÝMIS ÁKVÆÐI

15-1 Umsamdar flugvélagerðir

Samningur þessi gildir fyrir skammdrægar og meðaldrægar flugvélar.

Athugasemdir Bláfugls við grein 15-1:

Í tilboði til FÍA fer Bláfugl fram á að þessi grein falli niður.

15-2 Sjúkra- og styrktarsjóður FÍA

Bláfugl greiðir 1,0% af launum flugmanna í Sjúkra- og styrktarsjóð FÍA.

15-3 Félagssjóður

Bláfugl greiðir 1,0% af launum flugmanna í Félagssjóð FÍA.

Athugasemdir Bláfugls við grein 15-3:

Í tilboði til FÍA fer Bláfugl fram á að þessi grein falli niður. Félagsmenn greiði sjálfir í slíkan sjóð – en Bláfugl getur framkvæmt færsluna.

15-4 Orlofsheimilásjóður

Bláfugl greiðir 0,25% af launum flugmanna í Orlofsheimilásjóð FÍA.

15-5 Starfsmenntasjóður

Bláfugl greiðir 0,2% af launum flugmanna í starfsmenntasjóð. Setja skal starfsmenntasjóði markmið og starfsreglur í samvinnu og samráði við Bláfugl ehf.

15-6 Greiðsluákvæði

Greiðslur vegna greina 15-2, 15-3, og 15-4 skal Bláfugl inna af hendi eigi síðar en 15.dag hvers mánaðar fyrir næsta mánuð á undan.

Athugasemdir Bláfugls við grein 15-6:

Í tilboði til FÍA fer Bláfugl fram á að þessi grein hljóði svo:

Greiðslur í ofangreinda sjóði skal Bláfugl inna af hendi eigi síðar en síðasta virka dag mánaðar fyrir næsta mánuð á undan.

15-7 Um fundi samstarfsnefndar

Þar til annað kann að verða ákveðið skal halda samstarfsnefndarfund fyrsta miðvikudag annan hvern mánuð. Við gerð áhafnaskrár skal stefnt að, að hafa lausa

Athugasemdir Bláfugls við grein 15-7:

Í tilboði til FÍA fer Bláfugl fram á að þessi grein falli niður.

15-8 Lágmarkstækjaskrá

Lágmarkstækjaskrá „minimum equipment list“ verði rædd í samstarfsnefnd-inni áður en breytingar verða gerðar á henni.

Athugasemdir Bláfugls við grein 15-8:

Í tilboði til FÍA fer Bláfugl fram á að þessi grein falli niður.

15-9 Ágreiningur og endurskoðun

Rísi ágreiningur milli flugmanna og Bláfugls út af samningi þessum, skal samstarfsnefnd FÍA og Bláfugls fjalla um deilumál. Í nefndinni skulu eiga sæti þrír fulltrúar frá hvorum aðila.

15-10 Ferðatilhögun

Við lengri ferðalög flugmanna þar sem heildarflugtími fer yfir 6 klukkustundir og/eða ferðast er yfir 4 tímabelti eða fleiri, skal fyrirtækið leitast við að bóka flugmiða á viðskiptafarrými ef því er við komið.

Athugasemdir Bláfugls við grein 15-10:

Í tilboði til FÍA fer Bláfugl fram á að þessi grein falli niður.

15-11 Þegar flugmenn ferðast á vegum félagsins skal leitast við að finna hagkvæman og þægilegan ferðamáta. Sé þess kostur skal jafnan nota áætlunarflug. Þó skal mögulegt að nota fraktflugvélar félagsins eða annara fé-laga sé það talið betri kostur fyrir báða aðila vegna styttri ferðatíma og/eða flugmaður óski sjálfur eftir því. Um farangur skulu gilda þær reglur sem eru í gildi hjá því flugfélagi sem ferðast er með hverju sinni.

Athugasemdir Bláfugls við grein 15-6:

Í tilboði til FÍA fer Bláfugl fram á að þessi grein hljóði svo:

Þegar flugmenn ferðast á vegum félagsins skal leitast við að finna hagkvæman og hentugan ferðamáta. Meginreglan skal vera sú að notast við fraktflugvélar félagsins eða annara félaga sé þess kostur.

15-12 Bókun vegna viljayfirlýsingar

Aðilar eru sammála um leita sameiginlega að leiðum til að endurbæta vaktafyrirkomulag flugmanna, með það að markmiði að hámarka nýtingu flugmanna og bæta vinnuumhverfi þeirra. Flugrekstrarstjóri, áhafnafulltrúi og einn fulltrúi flugmanna munu standa að þessari endurskoðun.

Athugasemdir Bláfugls við grein 15-12:

Í tilboði til FÍA fer Bláfugl fram á að þessi grein falli niður. Hún er óþörf.

15-13 Bókun vegna fundargerða samningafunda

Aðilar eru sammála um að fundargerðir sem ritaðar hafa verið eftir hvern fund verði undirritaðar og fylgji frumeintaki þessa samnings til skýringa á ferli og þróun samningaviðræðanna eingöngu og án þess að innihald þeirra hafi áhrif á það sem í samningi þessum stendur.

Athugasemdir Bláfugls við grein 15-13:

Í tilboði til FÍA fer Bláfugl fram á að þessi grein falli niður.

15-14 Farsíma- og nettengingarstyrkur

Bláfugls sjái flugmönnum fyrir háhraða heimatengingu (hjá þjónustuaðila Bláfugls) og farsímaáskrift. Bláfugl greiðir allt að 50 GB gagnamagn á mánuði af farsímareikningi flugmanns (hjá þjónustuaðila Bláfugls). Geti flugmaður ekki nýtt sér þessi hlunnindi

þá fær flugmaður styrk að fjárhæð kr. 15.000 á mánuði. Í báðum útfærslum fjármagnar flugmaður sjálfur símtækið.

15-15 Gildistími

Kjarasamningur aðila framlengist til 31. mars 2020 með þeim breytingum sem í samningi þessum felast og fellur þá úr gildi án sérstakrar uppsagnar.

Athugasemdir Bláfugls við grein 15-15:

Í tilboði til FÍA fer Bláfugl fram á að gildistími samnings sé til 31. október 2025.

Atkvæðisrétt um samninginn eiga félagsmenn FÍA sem starfa hjá Bláfugli.

Reykjavík 2. júlí 2018

F.h. Félags íslenskra atvinnuflugmanna

Örnólfur Jónsson

Jónas Einar Thorlacius

Jón Viðar Magnússon

F. h. Bláfugls ehf

Guðbjörg H. Leifsdóttir

Tómas Dagur Helgason

Pétur Hafliðason

Breyta þarf nöfnum hér til samræmis við nýjar samninganefndir - uppfæra.

YFIRLÝSINGAR OG BÓKANIR

Bláfugl fer fram á að starfsaldursreglur falli niður og að lög FÍA fari út úr samningnum þar sem þau eigi ekki heima í kjarasamningi.

STARFSALDURSREGLUR FLUGMANNA

BLÁFUGLS ehf.

1. gr. Forstjóri Bláfugls ehf. skipar flugmenn í stöður, tekur ákvarðanir um fækkun eða fjölgun flugmanna og veitir þeim leyfi í samræmi við eftirfarandi starfsaldursreglur.

Starfsaldur

2. gr. Starfsaldur flugmanns miðast við þann starfstíma, sem hann hefur starfað sem fastráðinn flugmaður, samanber starfsaldurslista flugmanna Bláfugls ehf.

Starfsaldurslisti

3. gr Gera skal starfsaldurslista, er búinn sé númeraröð með nöfnum allra fast-ráðinna flugmanna. Flugmaður, sem einu sinni hefur fengið starfsaldursröð sína viðurkennda, skal ekki missa þann aldursrétt, nemaöðruvísi sé tilskilið í þessum starfsaldursreglum.

Ráðningardagur

4. gr. Starfsaldur byrjar þann dag, sem flugmaður er fastráðinn til flugmannsstarfa. Nú eru tveir eða fleiri flugmenn ráðnir sama dag, skal þá sá eldri að árum fá lægra númer á starfsaldurslistanum. Nú eru tveir flugmenn ráðnir til félagsins sama dag, annar sem flugstjóri og hinn sem aðstoðarflugmaður, fær þá sá, sem ráðinn er flugstjóri, lægra númerið.
5. gr. Starfsaldursreglur þessar skulu gilda um alla flugmenn að því er snertir:

Stöðuhækkanir o.fl.

- a. Stöðuhækkun eða lækkun
- b. Fjölgun eða fækkun og endurráðningu, sbr. þó lið d. b. fjölgun eða fækkun og endurráðningu, sbr. þó lið d.
- c. Val á þeim stöðum, sem lausar eru, ef viðkomandi flugmaður er að menntun og

sérþekkingu og reynslu í flugi, hæfur til þess að gegna því starfi, sem laust er, enda hafi ekki komið í ljós þeir ágallar í flugmannsstörfum hans, sem gefið hafi félaginu ástæðu til endurtekinna aðvörunar eða annarra þeirra aðgerða, sem í 11.gr. getur. Námskeið og stöður skulu að jafnaði auglýstar með hálfmánaðar fyrirvara eða umsóknarfresti. Hamli sérstakar

ástæður því að unnt sé að hafa umsóknarfrest svo langan, skal þess gætt, að allir, sem komið geti til mála sem umsækjendur um dvöl á námskeiði eða um lausar stöður, fái vitneskju um námskeiðið, svo fljótt sem unnt er. Sæki flugmaður/flugstjóri um tilfærslu yfir á aðra flugvélategund er Bláfugli heimilt að halda honum í starfi á þeirri flugvél í allt að 3 ár. Jafnframt er Bláfugli heimilt að halda flugmanni sem sækir um stöðu flugmanns á annarri flugvélategund í 1 ár í starfi gagnvart stöðu flugstjóra. Sæki flugstjóri um stöðu flugmanns á annarri flugvélategund er Bláfugli heimilt að halda honum í starfi á þeirri flugvél í allt að 3 ár. Við val í yfirmannsstöður og eftirlitsflugmannsstöður (check - pilot stöður), er félagið ekki bundið við starfsaldursröð flugmanns.

- d. Flugmaður, sem látið hefur af starfi vegna mannaþækkunar skal eiga rétt á endurráðningu í tvö ár frá því hann lét af störfum, en hann skal láta félaginu í té heimilisfang sitt og tilkynna þegar í stað breytingar á því. Telja skal flugmann hafa fyrirgert endurráðningarrétti sínum, ef hann fer ekki að fyrrgreindum ákvæðum, eða ef hann kemur ekki aftur til starfa hjá félaginu innan níutíu (90) daga frá því, að tilkynning um að koma aftur til starfa hefur verið send honum með ábyrgðarpósti eða símskeyti til síðasta heimilisfangs, er hann hefur tilkynnt félaginu.
- e. Sé umsækjandinn ekki álitinn hæfur til að gegna ákveðnu starfi, sem laust er, skal félagið tafarlaust tilkynna honum skriflega um ástæðuna.
- f. Ef ákvæði eru í kjarasamningi eða starfsaldursreglum, er skilgreina nánar áður upptalin atriði í grein þessari, skal farið eftir þeim.

Afbrigði

- 6.gr. Ef flugmaður, yngri að starfsaldri er hækkaður í starfi fram yfir flugmann, eldri að starfsaldri, sem uppfyllir ekki sett skilyrði, þegar að honum kemur, skal sá flugmaður, sem lengri hefur starfsaldurinn, halda röð sinn á starfsaldurs-listanum.

Missir starfsaldursréttar

- 7.gr. Flugmaður, sem segir upp starfi hjá félaginu eða verður að láta af störfum vegna mistaka í starfi, hefur fyrirgert starfsaldursrétti sínum, sé hann ekki endurráðinn

einnan eins árs.

Fjarvistir vegna leyfa

8. gr.

- a. Bláfugli h.f. er heimilt að veita fastrá'num flugmanni leyfi frá störfum um tiltekinn tíma, allt að þremur árum, án þess að fjarveran valdi missi starfsaldursréttar. Fjarvistarleyfi skal ávallt tilkynnt starfsráði. Nú veitir félagið flugmanni leyfi frá störfum, og er þá flugmanni og félaginu heimilt að semja sérstaklega um þann kostnað við þjálfun, sem nauðsynleg er til þess, að flugmaður öðlist á ný þau skírteini og réttindi, sem hann kann að missa, meðan á fjarveru stendur.
- b. Þegar flugmanni er veitt leyfi frá störfum samkvæmt ákvæðum a-liðs skal hann halda þeim starfsaldri, og fá aukningu, sem honum ber, meðan á slíku leyfi stendur, svo framarlega sem flugmaðurinn heldur atvinnuflugmanns-skírteini því, sem staða hans útheimtir. Ef flugmaður lætur slíkt skírteini falla úr gildi meðan á leyfi stendur, skal starfsaldur hans reiknast til þess tíma er slíkt skírteini fellur úr gildi.

Tilfærsla í starfi

9. gr. Flugmaður, sem Bláfugl felur önnur störf en flugmannsstörf eða eftirlitsstörf, og flugmaður sem starfar á vegum Alþjóðasambands atvinnuflugmanna (IFALPA), skal halda starfsaldri sínum og halda áfram að hækka að starfsaldri, ef hann heldur í gildi atvinnuflugmannsskírteini sínu. Ef sá flugmaður lætur atvinnuflugmannsskírteini sitt falla úr gildi skal hann halda þeim starfsaldri, sem hann hefur náð á þeim tíma, er skírteinið fellur úr gildi og skal hafa allt að einu ári til þess að öðlast það aftur, án þess að starfsaldursréttindi hans skerðist. Nú er ár liðið frá því að flugmaður missti atvinnuflugmannsskírteini sitt og stöðvast þá starfsaldursaukning hans, uns hann öðlast atvinnuflugmannsskírteini að nýju.

Tilfærsla eða fjarvera vegna veikinda

10. gr.

- a. Ef flugmanni eru falin önnur störf en flugstörf eða eftirlitsstörf vegna veikinda eða meiðsla, eða verður veikur eða meiðist á meðan hann af framangreindum ástæðum sinnir ekki flug- eða eftirlitsstörfum, þá skal hann halda starfsaldri sínum, meðan á slíkum veikinda- eða meiðslatíma stendur, hvort sem hann getur ekki haldið við atvinnuflugmannsskírteini því, sem staða hans útheimtir þetta gildir þar til hann getur snúið aftur til flugmannsstarfa eða reynist óhæfur til flugmannsstarfa vegna veikindanna, þó ekki lengur en fjögur ár samfleytt.

- b. Þegar flugmaður fær leyfi frá störfum vegna veikinda eða meiðsla, skal hann halda starfsaldri sínum og aldurshækkun, án tillits til þess, hvort hann getur haldið við atvinnuflugmannsréttindum þeim, sem staða hans útheimtir þar til hann getur hafið störf á ný, þó ekki lengur en fjögur ár samfleytt.

Um misfellur í starfi

11. gr. Ef flugmaður vanrækir skyldur sínar eða gerist sekur um aðrar misfellur í starfi, eða stórfelldar ávirðingar utan starfs, svo stjórn eða forstjóri félagsins telji ástæðu til aðvörunar, starfsbanns um stundarsakir, stöðulækkunar eða uppsagnar getur hvor aðili fyrir sig, flugmaður (eða FÍA fyrir hans hönd) eða félagið skotið þeirri ákvörðun félagsins til umsagnar starfsráðs. Ekki er heimilt að segja flugmanni upp starfi fyrr en umsögn starfsráðs liggur fyrir, enda skal hún liggja fyrir innan tveggja vikna frá því að málið er afhent starfsráði.

Um starfsráð og fleira

12. gr. Stofna skal starfsráð hjá Bláfugli h.f. Skal það skipað fjórum mönnum og gildir skipun þeirra til þriggja ára í senn. Nefnir félagið tvo aðalmenn í ráðið og tvo til vara, en flugmenn félagsins nefna tvo aðalmenn og tvo til vara. Kveðja skal varamann til fundarsetu, ef aðalmaður getur ekki sótt boðaðan fund og eru fundir starfsráðs því aðeins lögmætir og ályktunarfærir, að starfsráð sé fullskipað. Falli atkvæði í ráðinu tvö á móti tveimur, skal kalla til oddamann sem aðilar koma sér saman um. Verkefni starfsráðs eru:

13. gr.

- a. Að gera starfsaldurslista og skera úr öllum ágreiningi, sem kann að rísa út af starfsaldursreglum þessum eða röð á starfsaldurslista.
- b. Að veita umsagnir um þau atríði, sem um er rætt í 11.gr.
- c. Að úrskurða önnur þau atríði, sem félagið og FÍA koma sér saman um að leggja undir úrskurð þess.

Úrskurðir starfsráðs eru endanlegir og bindandi fyrir báða aðila og verður ekki skotið til til dómstólanna. Þetta gildir þó ekki um umsagnir, sem það gefur skv. ákvæðum 11.gr.

14. gr. Starfsráð skal fyrir 1.desember ár hvert láta hverjum flugmanni í té starfsaldurslista, en hann öðlast gildi frá og með 15. febrúar næsta ár. Starfsaldurslisti hefur að geyma nöfn allra flugmanna Bláfugls í rétttri starfsaldursröð, hvort sem þeir eru starfandi eða ekki, svo og mánaðardag þann, sem starfsaldurinn byrjar hjá hverjum

flugmanni.

15. gr. Starfsráð skal gefa flugmanni 30 daga frest til að koma fram með mótmæli eða athugasemdir við starfsaldurslistann. Telst sá frestur frá þeim degi, er listinn er sendur flugmanni í ábyrgðarbréfi, eða fenginn honum sjálfum í hendur. Flugmaður sem er í leyfi eða fjarri heimastöð sinni, þegar listinn er birtur, skal hafa 60 daga frest í sama skyni enda hafi hann tilkynnt starfsráði heimilisfang sitt fyrir 1. desember ár hvert.
16. gr. Allar rangar uppsetningar eða ósamræmi sem ekki var mótmælt á árslistanum, þegar villan kom fyrst fram, verður ekki mótmælt í neinum öðrum árslistum, sem á eftir koma, nema flugmaður sanni, að vitneskja um starfsaldurslista, sem hann telur rangan, hafi ekki getað borist honum innan þess frests, sem 13. gr. ákveður. Prentvillur eða ritvillur má leiðrétta hvenær sem er.
17. gr. Allar kærur til starfsráðs skulu vera skriflegar og sendast formanni ráðsins. Starfsráð skal úrskurða kærur eins og fljótt og unnt er. Í starfsráði ræður afl atkvæða úrslitum.

LAUNATÖFLUR

Sjá innri vef FÍA

Launatöflur ættu að vera viðfest við kjarasamning, en ekki bara vísað til á innri vef FIA

LÖG FÍA

Lög FIA eiga ekki erindi inn í kjarasamning milli FIA og Bláfugls

1. KAFLI: NAFN OG HLUTVERK.

1. grein

Félagið heitir Félag íslenskra atvinnuflugmanna, skammstafað FÍA. Heimili og varnarþing skal vera í því sveitarfélagi þar sem starfsstöð félagsins er hverju sinni.

2. grein

Tilgangur félagsins er að:

- a) vinna að bættum kjörum félagsmanna og gæta hagsmuna þeirra í kjar- og réttindamálum,
- b) fara með samningsumboð fyrir hönd félagsmanna gagnvart launagreiðendum og öðrum,
- c) upplýsa félagsmenn um réttindi þeirra og skyldur,
- d) koma fram fyrir hönd félagsmanna gagnvart stjórnvöldum og öðrum, að því er varðar hagsmuni þeirra,
- e) annast samskipti við erlend flugmannafélög og alþjóðasamtök flugmanna,
- f) stuðla og styrkja flugvernd og öryggi í almenningsflugi,
- g) veita félagsmönnum aðstoð í veikindum skv. reglugerð sjúkrasjóðs FÍA,
- h) efla þekkingu félagsmanna á starfsemi FÍA og stuðla að fræðslu, m.a. með útgáfustarfsemi.

3. grein

Fullgildur félagsmaður getur hver sá orðið sem uppfyllir eftirtalin skilyrði:

- a) er handhafi gilds atvinnuflugmannsskírteinis útgefna af ríki innan EES,
- b) hefur leyfi til að starfa á Evrópska efnahagssvæðinu (EES),
- c) er í ráðningarsambandi við flugrekanda eða flugskóla samkvæmt kjarasamningi við FÍA,
- d) hefur greitt félagsgjald til FÍA á undangengnum mánuði.

Stjórn og trúnaðarráð FÍA geta veitt undanþágu frá framangreindum skilyrðum.

4. grein

Umsókn um aðild ber að skila með rafrænum hætti í gegnum heimasíðu FÍA. Umsókn um aðild skal bera undir stjórn FÍA til samþykktar á stjórnarfundi og skal stjórn staðfesta að umsækjandi uppfylli öll skilyrði 3. gr.

Rísi ágreiningur um inntökubeiðni, úrskurðar félagsfundur.

5. grein

Atkvæðisbær er fullgildur félagsmaður FÍA sbr. 3. gr. sem fengið hefur samþykki stjórnar FÍA sbr. 4. gr. þessara laga. Félagsmaður í uppsögn heldur atkvæðisrétti sínum hafi hann greitt félagsgjald a.m.k. einn mánuð á undangengum sex mánuðum.

6. grein

Aukafélagi FÍA er:

- a) félagsmaður sem misst hefur starf sitt en greiðir félagsgjald af greiðslum úr Atvinnuleysistryggingasjóði sem sjóðurinn hefur milligöngu um að skila til FÍA,
- b) félagsmaður sem er í launalausum leyfi og starfar ekki hjá öðrum flugrekanda eða flugskóla samkvæmt kjarasamningi FÍA,
- c) einstaklingur með gilt atvinnuflugmannsskrteini sem hefur leyfi til að starfa á Evrópska efnahagssvæðinu (EES) en starfar ekki á grundvelli kjarasamnings FÍA þrátt fyrir að greiða félagsgjald til FÍA af launum sínum. Umsókn um aukafélagsaðild þarf að berast FÍA til samræmis við 4. gr.

7. grein

Aukafélagar skulu hafa fullt málfrelsi og tillögurétt um málefni félagsins á félagsfundum, en hafa hvorki atkvæðisrétt né eru kjörgengir til starfa í stjórn, trúnaðarráði eða lögboðnum fastanefndum.

Þrátt fyrir ákvæði 1. mgr. skulu þeir aukafélagar er taka lífeyri hafa atkvæðisrétt og kjörgengi í málum er varða Eftirlaunasjóð FÍA.

8. grein

Úrsögn félagsmanns úr félaginu getur átt sér stað ef félagsmaður á ekki í ráðningasambandi við flugrekanda eða flugskóla samkvæmt kjarasamningi FÍA. Úrsögn skal vera skrifleg eða rafræn og send skrifstofu FÍA.

9. grein

Hver sá félagsmaður FÍA sem gegnir trúnaðarstörfum fyrir flugfélag skal ekki á sama tíma gegna trúnaðarstörfum fyrir stéttarfélag sitt, svo sem sitja í stjórn, samninganefnd, trúnaðarmannaráði eða starfsráði. Undanþegin er Öryggisnefnd. Trúnaðarstörf teljast eftirtalin störf: Stjórnar- eða varastjórnarstörf flugfélaganna, deildarstjórnastörf eða yfirflugmannsstörf.

Stjórn og trúnaðarráð FÍA geta veitt undanþágu frá skilyrðum 1. málsg. r.

10. grein

Félagsmönnum, sem sitja í stjórn, varastjórn eða gegna deildarstjórastörfum flugfélaga, er óheimilt að sitja fundi FÍA þar sem kjaramál eru á dagskrá. Undanskilin eru málefni Eftirlaunasjóðs FÍA.

2. KAFLI: UM RÉTTINDI OG SKYLDUR, RÉTTINDAMISSI OG BROTTREKSTUR.

11. grein

Réttindi félagsmanna eru:

- A: Málfrelsi, kjörgengi tillögu- og atkvæðisréttur á félagsfundum.
- B: Styrkir úr sjóðum félagsins eftir því sem ákveðið er í reglugerðum þeirra.
- C: Aðstoð vegna vanefnda atvinnurekanda á samningum, lögum og reglugerðum.
- D: Réttur til að vinna upp á kaup og kjör er samningar félagsins ákveða hverjusinni.

12. grein

Skyldur félagsmanna eru:

- A: Að hlíta lögum félagsins, fundarsköpum, fundarsamþykktum og samningum í öllum greinum.
- B: Að gegna trúnaðarstörfum fyrir félagið endurgjaldslaust, nema annað sé ákveðið.
- C: Að greiða félagsgjöld til félagsins á réttum gjalddag.
- D: Að gefa stjórn félagsins upplýsingar um hvers konar tilraunir atvinnurekanda til að brjóta eða sniðganga kjarasamninga.
- E: Aðhafast ekkert það sem er félaginu til tjóns eða álíthnekkis.

13. grein

Hafi félagsmaður gerst brotlegur við ákvæði 12. gr. getur stjórn FÍA, að fengnu áliti Siðanefndar, beitt eftirfarandi refsíákvæðum:

- A: Áminningu.
- B: Svift félagsmann tillögurétti og fundarsetu um tiltekinn tíma.
- C: Svift félagsmann rétti til að gegna trúnaðarstörfum í þágu FÍA um ákveðinn tíma.
- D: Vikið félagsmanni úr FÍA um lengri eða skemmri tíma.

Úrskurði stjórnar FÍA má skjóta til félagsfundar, sem hefur endanlegt úrskurðarvald og er sá úrskurður bindandi fyrir alla félagsmenn.

14. grein

Nú er félagsmanni vikið úr félaginu og á hann þá ekki afturkvæmt í það nema inntökubeiðni hans sé samþykkt á lögmætum félagsfundi.

15. grein

Hafi félagsmaður gegnt trúnaðarstarfi fyrir félagið í tvö kjörtímabil eða lengur getur hann skorast undan endurkosningu næstu tvö ár.

3. KAFLI: STJÓRN, TRÚNAÐARRÁÐ, NEFNDIR OG EFTIRLAUNASJÓÐUR FÍA.

16. grein

Stjórn félagsins skipa formaður, varaformaður, ritari, gjaldkeri og 5 meðstjórnendur. Formaður og varaformaður eru kjörnir sérstaklega á aðalfundi en stjórn skiptir að öðru leyti með sér verkum.

Allir félagsmenn FÍA samkvæmt 3. gr. eru kjörgengir til stjórnar. Aðeins 5 félagsmenn frá hverjum samningsaðila FÍA geta tekið sæti í stjórn hverju sinni. Fá fleiri en 5 félagsmenn frá sama samningsaðila FÍA kosningu á aðalfundi skulu einungis þeir 5 er flest atkvæði hljóta taka sæti í stjórn. Þeir frambjóðendur er flest atkvæði hljóta frá öðrum samningsaðilum taka þá sæti í stjórn.

17. grein

Stjórnarfundir eru lögmætir ef meirihluti stjórnar er mættur.

18. grein

Formaður kveður til funda og stjórnar þeim. Hann undirritar gerðabækur félagsins og gætir þess að allir stjórnarmenn geri skyldu sína. Hann hefur umsjón með starfsemi félagsins og eftirlit með því að fylgt sé lögum þess og reglum í öllum greinum. Varaformaður gegnir öllum störfum formanns í forföllum hans.

19. grein

Ritari heldur gerðabækur félagsins og ber ábyrgð á fundargerðum. Hann undirritar gerðabækur félagsins ásamt formanni.

Ritari skal halda til haga í sérstakri bók, gildandi fundarsamþykktum félagsins.

20. grein

Féhirðir hefur á hendi eftirlit með fjárreiðum og innheimtu félagsins og bókfærslu eftir nánari fyrirmælum stjórnarinnar.

21. grein

Stjórn félagsins ræður alla starfsmenn félagsins, ákveður laun þeirra og vinnuskilyrði, ennfremur greiðslur til stjórnar og nefnda.

22. grein

A. Trúnaðarráð skal skipað á eftirfarandi hátt:

1. Aðalmenn stjórnar félagsins og skulu varamenn stjórnar fara með atkvæði stjórnarmanna í forföllum þeirra.

2. Einum fulltrúa fyrir byrjaða 25 félagsmenn á hverjum kjarasamningi FÍA, miða skal við 1.janúar ár hvert. Heimilt er kjörnum trúnaðarráðsmanni sem ekki getur setið fund, að fela öðrum kjörnum trúnaðarráðsmanni að fara með atkvæði sitt, enda sé umboðið stílað á nafn.

Kosning í trúnaðarráð

1. Samstarfsnefndir sjá um kosningar fulltrúa í ráðið á hvern kjarasamning,
2. Kosning skal fara fram eftir aðalfund FÍA. Miða skal við að kosningunni sé lokið innan 45 daga frá aðalfundi.
3. Þar sem samstarfsnefndir eru ekki starfandi skal stjórn FÍA hafa samráð við viðkomandi flugmannahóp um kosningar.
4. Heimilt er að notast við rafræna kosningu.
5. Stjórnarmaður í stjórn FÍA telst ekki eitt sæti í trúnaðarráði á kjarasamning viðkomandi flugrekanda
6. Kjórið trúnaðarráð situr þar til nýtt ráð tekur til starfa.

Trúnaðarráð

- 1.1 Formaður FÍA skal vera formaður trúnaðarráðs og ritari félagsins ritari þess.

Einungis fullgildur félagsmaður FÍA getur setið í trúnaðarráði.

B: Formaður kveður trúnaðarráð til fundar með þeim hætti er hann telur heppilegast.

Einnig telst fundarboðun lögleg standi meira en þriðjungur trúnaðarráðsfulltrúa að henni. Þegar mikilvæg mál liggja fyrir og stjórnin telur of tafsamt að boða til félagsfundar, skal formaður kalla saman trúnaðarráð og bera málið þar upp. Lögmætir eru fundir ráðsins sé meira en helmingur þess mættur, þar af meirihluti stjórnar.

C: Við atkvæðagreiðslu í ráðinu ræður meiri hluti atkvæða. Ákvarðanir sem ráðið tekur skulu vera jafngildar og teknar hefðu verið á félagsfundi. Til að hnekkja ákvörðunum trúnaðarráðs þarf meirihlutasamþykkt félagsfundar.

D: Trúnaðarráð gætir hagsmuna og öryggis félagsmanna vegna starfs þeirra og skal sjá um að samningar félagsins við vinnuveitendur séu haldnir, svo og starfsreglur (OM-A).

E: Láti félagsmenn af störfum sem fulltrúar í trúnaðarráði, starfsráði eða sem skoðunarmenn reikninga, skal trúnaðarráð kjósa nýja menn í þeirra stað til næsta aðalfundar. Láti félagsmenn af störfum sem fulltrúar í stjórn skal

varamaður færður upp og trúnaðarráð kjósa nýja menn í varamannssæti til næsta aðalfundar.

Trúnaðarráð skal koma saman minnst einu sinni á ári.

23. grein

Fastanefndir, aðrar nefndir og fulltrúar FÍA.

A: Eftirtaldar fastanefndir skulu starfa á vegum FÍA.

- Öryggisnefnd
- Samstarfsnefndir
- Samninganefndir
- Siðanefnd

Fastanefndir skulu skipaðar af stjórn FÍA. Fastanefndir skulu standa skil á störfum sínum til stjórnar FÍA og halda fundargerðir.

Öryggisnefnd og samstarfsnefndir skipa fulltrúa í sínar undirnefndir, ef þörf er á.

B: Hlutverk samstarfsnefnda:

- Að annast eftirfylgni með kjarasamningum viðkomandi viðsemjenda á samningstímanum.
- Að annast kosningar í trúnaðarráð.
- Að fjalla um undanþágur á ákvæðum kjarasamnings á samningstímanum.
- Allar undanþágur á ákvæðum kjarasamnings skulu háðar samþykki stjórnar FÍA.

C: Stjórn FÍA skipar að auki í nefndir og embætti m.a.:

- Alþjóðanefnd (annast erlend tengsl)
- Stoðnefnd
- Skemmtinefnd
- Fulltrúa í stjórn Flugminjasafns Íslands
- Sjúkrasjóð FÍA

24. grein

Um eftirlaunasjóð FÍA.

A: Um hlutverk sjóðsins, sjóðfélaga, stjórn, aðalfundi og önnur atriði fer samkvæmt samþykktum hans á hverjum tíma.

B: Stjórn FÍA tilnefnir þrjá aðalmenn og þrjá varamenn í stjórn Eftirlaunasjóðsins. Skipunartímabil fulltrúa FÍA í sjóðstjórn er að lágmarki eitt ár, og miðast það við ársfund EFÍA.

4. KAFLI: FUNDIR OG STJÓRNARKJÖR.

25. grein

Aðalfundur skal haldinn fyrir 1. mars ár hvert. Takist ekki að ljúka aðalfundarstörfum á einum fundi skal boða til framhaldsaðalfundar.

Heimilt er að boða til aukaaðalfundar um einstök málefni ef brýna nauðsyn ber til.

26. grein

Verkefni aðalfundar eru:

1. Stjórn félagsins gefur skýrslu um starfsemi félagsins.
2. Lagðir fram endurskoðaðir reikningar félagsins.
3. Lagabreytingar.
4. Stjórnarkjör.
5. Kosið í störf þau sem aðalfundi hefur verið falið.
6. Kosnir skulu tveir skoðunarmenn reikninga.
7. Kosning í Starfsráð á þriggja ára fresti.
8. Önnur mál.

27. grein

Aðalfundur skal boðaður, með dagskrá, með minnst þriggja vikna fyrirvara og er hann lögmætur ef löglega er til hans boðað og minnst 5% fullgildir félagsmenn mæta og meirihluti stjórnar. Sé löglega boðaður aðalfundur ólögmætur vegna ónógrar þátttöku félagsmanna skoðast næsti löglega boðaður aðalfundur lögmætur.

Þeir sem gefa kost á sér til þeirra starfa sem kosið er í á aðalfundi, skulu tilkynna stjórn FÍA skriflega um framboð sitt þremur vikum fyrir aðalfund.

28. grein

Fulltrúar í stjórn skulu kosnir með rafrænum kosningum og er kjörtímabil stjórnar tvö ár. Stjórnarkjör fer þannig fram að formaður og fjórir meðstjórnendur eru kosnir annað hvert ár. Kjör varaformanns og þriggja meðstjórnenda fer fram það ár sem stjórnarformaður er ekki kjörinn.

Verði sæti formanns laust tekur varaformaður sæti hans fram að næsta aðalfundi og skal þá kjósa formann til tveggja ára en varaformann til eins árs. Verði sæti varaformanns laust skal kjósa nýjan varaformann á næsta aðalfundi. Verði sæti meðstjórnenda laust skal stjórn boða til fundar hjá trúnaðarráði og skal trúnaðarráð kjósa meðstjórnanda í stjórn FÍA fram að næsta aðalfundi.

29. grein

Nú bjóða fleiri en tveir menn sig fram til embættis formanns eða varaformanns, skal

Þá kosið tvisvar fái enginn frambjóðenda fleiri en helming greiddra atkvæða. Í síðari umferð skal kosið milli þeirra tveggja er flest atkvæði hlutu í fyrri umferð og skal sá er nú hlýtur fleiri atkvæði teljast rétt kjörinn.

30. grein

Félagsfundur fer með æðsta vald í málefnum félagsins á milli aðalfunda. Félagsfundir skulu haldnir þegar stjórn félagsins álitur þess þörf eða minnst 15% fullgildra félagsmanna óska þess.

Halda skal félagsfundi eigi sjaldnar en þrisvar á ári. Félagsfundur er lögmætur, ef löglega er til hans boðað.

31. grein

Félagsfundum stjórnar fundarstjóri sem fundurinn kýs og kveður hann sér fundarritara. Einnig skal hann tilnefna tvo menn sem sjá svo um að með umboð og atkvæði sé farið samkvæmt félagslögum og skal kjörskrá liggja frammi í upphafi fundar. Fundarstjóri sker úr öllu sem snertir lögmæti fundarins samkvæmt ákvæðum félagslaganna, stjórnar umræðum og meðferð mála á fundum og atkvæðagreiðslum. Atkvæðagreiðslur skulu jafnan vera skriflegar ef tveir eða fleiri fundarmanna óska þess.

32. grein

Félagsfundi skal boða með rafpósti eða bréflega, með dagskrá, og þannig að fundarboð hafi borist viðtakanda tveimur dögum fyrir fund.

Heimilt er að boða til funda með auglýsingum í blöðum, útvarpi og sjónvarpi, símleiðis eða með rafpósti, sé að mati stjórnar, nauðsynleg svo skyndileg fundarboðun að öðru verði ekki viðkomið.

33. grein

Skriflega allsherjaratkvæðagreiðslu skal viðhafa ef:

1. Stjórn og/eða trúnaðarráð telja það nauðsynlegt.
2. Lögmætur félagsfundur samþykkir það.

Kjörfundur vegna allsherjaratkvæðagreiðslu skal standa minnst í sjö sólarhringa. Allsherjaratkvæðagreiðsla má einnig vera rafræn. Stjórn félagsins skal setja reglur það um.

33. grein A

Trúnaðarráð skipar kjörstjórn og formann hennar eigi síðar en 31. desember ár hvert. Kjörstjórn skal skipuð þremur mönnum og einum til vara.

Kjörstjórn skal hafa umsjón með undirbúningi og framkvæmd kosninga, skera úr um kjörgengi og kosningarétt, hafa yfirumsjón með talningu atkvæða og skera úr um gildi vafaatkvæða.

Kosning skal vera rafræn og skal opna fyrir rafræna kosningu 7 dögum fyrir aðalfund. Niðurstöður kosninga skulu kynntar á aðalfundi.

Kjörseðill er aðeins gildur að kosnir séu jafnmargir og kjósa skal hverju sinni.

33. grein B

Stjórn félagsins skal fela kjörstjórn að halda skrá yfir alla félagsmenn sem atkvæðisrétt hafa í sérstaka kjörskrá. Kjörskrá skal liggja frammi eigi síðar en viku fyrir aðalfund, en samdægurs vegna annarra kosninga.

Kærufrestur kjörskrár er til kl 12:00 á kjördegi.

5. KAFLI: UM VINNUDEILUR

34. grein

Ákvörðun um vinnustöðvun skal tekin í samræmi við gildandi lög um stéttarfélög og vinnudeilur. Almenn leynileg atkvæðagreiðsla skal standa í a.m.k. 7 sólarhringa, enda hafi stjórn félagsins auglýst nægilega, hvar og hvenær atkvæðagreiðslan um vinnustöðvunina skuli fara fram.

6. KAFLI: FJÁRMÁL

35. grein

Reikningsár félagsins og sjóða þess er almanaksárið. Reikningar skulu endurskoðaðir af kjörnum skoðunarmönnum reikninga félagsins og liggja frammi á skrifstofu félagsins tíu dögum fyrir aðalfund.

36. grein

Félagsgjöld mega nema allt að 1% af brúttólaunum félagsmanna samkvæmt ákvörðun trúnaðarráðs.

7. KAFLI: LAGABREYTINGAR:

37. grein

Lögum þessum má aðeins breyta á aðalfundi FÍA enda hafi breytinganna verið getið í fundarboði.

Laganefnd skal kynna trúnaðarráði breytingatillögur til umsagnar áður en þær eru sendar með fundarboði fyrir aðalfund.

Til þess að breytingin nái fram að ganga verður hún að vera samþykkt með 2/3 hluta greiddra atkvæða á lögmætum aðalfundi.

Lagabreytingar samþykktar á aðalfundi, öðlast þegar gildi nema annað sé tekið fram.
Breytingar frá aðalfundi 2018 færðar inn.

FUNDARSKÖP

1. grein

Formaður eða í forföllum hans varaformaður setur alla fundi. Í byrjun hvers fundar tilnefnir hann einhvern fundarmann sem fundarstjóra, með samþykki fundarins, sem síðan stjórnar fundi. Formaður ber þó ábyrgð á fundarstjórn. Formaður leggur fram dagskrá fundarins sem fundarstjóri les upp. Fundarstjóri sér um að umræður fari reglulega fram og úrskurðar ef deilt er um skilning á lögum félagsins eða fundarsköpum. Óski hann að taka þátt í umræðum skal hann ganga úr sæti sínu og setja annan til að stjórna fundi á meðan.

2. grein

Fundarbók skal félagið halda og skal ritari færa í hana það helsta sem fram fer á fundi (sbr. 18. og 19. gr. félagslaganna). Fundargerð síðasta fundar skal birta á lokuðu vefsvæði FÍA innan viku frá því fundur var haldinn. Fundargerð síðasta fundar, undirrituð af formanni og ritara, skal borinn upp í fundarbyrjun til samþykktar. Komi fram tillögur til breytinga eða viðauka sem ritari fellst á eða fundurinn staðfestir með atkvæðagreiðslu skal geta þeirra í næstu fundargerð á eftir. Óski fundarmaður sérstakrar bókunar skal taka það til greina.

3. grein

Sá sem óskar að taka til máls skal biðja fundarstjóra um leyfi. Veita skal orðið í þeirri röð sem beðið er um það. Ræðumaður skal standa á meðan hann flytur mál sitt. Skal hann halda sér við það mál sem til umræðu er og varast ósæmilegt orð-bragð. Komi það fyrir skal fundarstjóri áminna hlutaðeiganda. Þyki fundarstjóra umræður óhóflega langar, getur hann með samþykki fundarins takmarkað ræðu-tíma. Fundarmenn geta krafist þess að umræðum sé hætt og lætur þá fundarstjóri fundinn skera úr með atkvæðagreiðslu umræðulaust.

4. grein

Allar tillögur skulu bornar fram skriflega. Tillaga skal undirrituð af flutningsmanni eða mönnum, ef fleiri eru. Sé beðið um að skipta tillögu sker fundarstjóri úr hvort gera skuli, en það er því aðeins heimilt að haldist geti ljósar og sjálfstæðar tillögur. Heimilt er að bera fram dagskrártillögu, sé það gert, skal hún vera rökstudd. Þegar um breytingartillögu eða viðaukatillögu er að ræða skal fundarstjóri fyrst lesa

aðaltillöguna upp og síðan eins og hún verður með framkominni breytingu. Breytingartillögu skal bera fyrst undir atkvæði. Breytingartillögu við breytingartillögu skal ekki taka til greina. Tillögur sem teknar eru aftur má annar fundarmaður bera upp að nýju. Fellda tillögu má ekki bera upp aftur á sama fundi.

5. grein

Afl atkvæða með eða móti ræður úrslitum við atkvæðagreiðslu og kosningar nema þar sem lög eða fundarsköp félagsins ákveða annað.

6. grein

Kosning í nefndir eða aðrar trúnaðarstöður skulu fara fram skriflega eða rafrænt. Kjósa skal framkomnar uppástungur ef ekki er öðruvísi ákveðið í lögum félagsins. Þeir einir teljast í kjöri sem stungið hefur verið upp á. Atkvæðaseðill er ógildur ef fleiri nöfn eru á honum en eiga að vera. Sé aðeins einn í kjöri, eða jafnmargir og kjósa á, eru þeir kosnir án atkvæðagreiðslu.

7. grein

Hljóti tveir eða fleiri jöfn atkvæði, þegar kosið er til trúnaðarstarfs, skal kjósa aftur milli þeirra. Fáí þeir enn jöfn atkvæði ræður hlutkesti. Allar kosningar eru bindandi nema annað sé tekið fram í lögum félagsins.

8. grein

Atkvæðagreiðsla skal fara fram með handauppréttingu eða leynilega. Þyki fundarstjóra atkvæðagreiðsla óglögg getur hann endurtekið atkvæðagreiðsluna og sett tvo menn til að telja atkvæði. Atkvæðagreiðsla skal bókuð þannig að fram komi hversu margir greiddu atkvæði með tillögu, á móti tillögu, sátu hjá og hversu mörg atkvæði voru ógild.

9. grein

Það skal vera regla að leiða ekki mikilsvarðandi mál til lykta á fyrsta fundi sem þau koma fyrir, hafi þeirra ekki verið getið í fundarboði, nema úrskurður málsins poli ekki bið að skaðlausu.

10.

grein

Fundarsköpum þessum má breyta á hvaða lögmætum fundi sem er. Fundur sá sem samþykkir breytingu ákveður hvenær hún gengur í gildi. Þó geta breytingar ekki náð til þess fundar sem þær eru samþykktar á.

Febrúar 1996